

REGLUR UM ÞJÓNUSTUSAMNINGA VIÐ STOFNANIR AKUREYRARBÆJAR

Bæjarstjórn Akureyrar heimilar bæjarstjóra að gera þjónustusamninga við stofnanir/ sjálfstæðar rekstrareiningar Akureyrarbæjar samkvæmt eftirfarandi skilmálum:

I Tilgangur

Tilgangurinn með þjónustusamningum er að að bæta þjónustu og rekstur stofnana Akureyrarbæjar með því að auka svigrúm stjórnenda og starfsmanna og færa ákvarðanir nær notendum þjónustunnar. Jafnframt er það markmið að hlutverk stjórnenda Akureyrarbæjar og kjörinna fulltrúa varðandi stjórn stofnana verði mjög skýr og að stjórnskipulag verði einfaldað eins og kostur er.

II Samningsaðilar

Bæjarstjóri gerir samninga með fulltingi bæjarráðs og í samræmi við stefnu bæjarstjórnar. Hann ber ábyrgð á eftirliti með rekstri stofnananna hvað varðar fjármál og starfsmannahald og að þjónusta stofnunarinnar sé í samræmi við gerða samninga.

Viðkomandi fagnefnd hefur eftirlit með því að þjónusta stofnunarinnar sé í samræmi við stefnu bæjarstjórnar í viðkomandi málaflokki.

Forstöðumaður stofnunar ber ábyrgð á á rekstri hennar gagnvart bæjarstjóra sem ber ábyrgð gagnvart bæjarstjórn. Forstöðumaður skal hafa skipulegt samráð við starfsmenn stofnunarinnar um reksturinn. Hann skal einnig taka mið af sjónarmiðum notenda þjónustunnar með samráði við hagsmunasamtök þeirra eða með skipulegum og marktækum þjónustukönnunum.

III Starfsemi stofnunar

Í þjónustusamningi skal leitast við að skilgreina vandlega þá þjónustu sem stofnuninni er ætlað að veita. Tekið skal mið af starfsemi eins og hún er þegar samningurinn er gerður en það er markmið með samningsgerðinni að forstöðumaður hafi frelsi til að finna nýjar leiðir til að veita þjónustuna sem eru hagkvæmari bæði fyrir stofnunina og notendur þjónustunnar. Forstöðumaður skal þó ætíð taka hagsmuni Akureyrarbæjar sem heildar og íbúa hans fram yfir skammtímahagsmuni stofnunarinnar.

Stofnun með þjónustusamning skal fylgja almennri stefnumörkun bæjarstjórnar, svo sem í starfsmannamálum, jafnréttismálum og fjölskyldumálum. Stofnunin er hinsvegar undanþegin sértækum reglum framkvæmdastjórnar.

IV Áætlanir og stefnumótun

Forstöðumaður skal gera starfsáætlun fyrir samningstímann sem lögð er fyrir fagnefnd og bæjarstjóra til staðfestingar. Auk þess gerir forstöðumaður starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár en slíkar áætlanir þurfa ekki staðfestingu fagnefndar. Með starfsáætlun skulu fylgja árangursmælikvarðar sem liggja til grundvallar mati á því hversu vel samningsaðilar standa við samninginn. Forstöðumaður skal árlega skila upplýsingum í ársskýrslu Akureyrarbæjar.

V Fjármál

Í samningi við stofnun skal kveðið á um föst fjárframlög úr bæjarsjóði fyrir hvert ár sem samningurinn nær til. Rekstrarafgangur og rekstrartap færast milli ára. Forstöðumaður skal leita heimildar bæjarráðs til að breyta gjaldskrá fyrir þjónustu stofnunar. Forstöðumanni er heimilt að gera samninga við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki um þjónustu og ákveða hvernig sértekjum stofnunarinnar af slíkum samningum er ráðstafað til rekstrar hennar. Slíkir samningar mega ekki vera til lengri tíma en þjónustusamningurinn við stofnunina nema með sérstöku samþykki bæjarráðs. Allir slíkir samningar skulu gerðir með fyrirvara um uppsögn þjónustusamningsins, sbr. 7. grein.

VI Tengsl við stoðþjónustu og Fasteignir Akureyrarbæjar

Stofnun með þjónustusamning skal nota stoðþjónustu Akureyrarbæjar, svo sem bókhaldsþjónustu, fjárreiðuþjónustu, starfsmannaþjónustu og rekstur tölvukerfa, og hlíta reglum hennar á hverjum tíma.

Fasteignir Akureyrarbæjar leggja stofnuninni til húsnæði ásamt búnaði skv. gildandi tryggingaskrá en stofnunin greiðir leigu skv. gjaldskrá FAK.

VII Gildistími og endurskoðunarákvæði

Þjónustusamninga má gera til allt að fimm árum. Í samningunum skulu vera endurskoðunarákvæði þannig að báðir aðilar geti leitað eftir breytingum eða sagt samningum upp. Náist ekki sátt um endurskoðun samningsins, færast rekstur stofnunar í það horf sem gildi áður en hann var gerður.